



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGODINN

Margt til lista lagt

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Margt til lista lagt
- Minnisblað vegna íþróttá- og sundtíma
- Sameiginleg morgunstund
- Sigur í skólahreysti 2007
- Öskudagur
- Skólabúðir
- Samræmd próf 2007-2008
- Heimsókn á Hrafnistu
- Skóladagatal 2007-2008
- Könnun um líðan
- Grunnskólahátíð

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Í stórum nemendahópi eins og í Áslandsskóla leynist hæfileikafólk á hinum ýmsu sviðum.

Nemendur sem hafa meðfædda hæfileika til ákveðinna hluta eða með dugnaði og þrautsegju náð frábærum árangri í íþróttum, listum, námi eða öðru því sem þau hafa tekið sér fyrir hendur.

Nemendur Áslandsskóla stóðu sig t.a.m. einstaklega vel á dögnum.

Þá sigraði skólinn í þrettán skóla undankeppni í Skólahreysti. Þar sýndu fjórir nemendur frábæra leikni á sviði íþróttá, fimi sem þeir hafa áunna að einhverju leiti en síðar þróað og þroskað með aga og markvissum æfingum.

Þá var einnig ánægjulegt að sjá allan þann fjölda sem fylgdi krökkunum í keppnina og studdi með hrópum, klöppum og köllum.

Áfram Áslandsskóli

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

SIGUR Í SKÓLAHREYSTI

Áslandsskóli sigraði í undankeppninni í Skólahreysti í íþróttahúsinu Smáranum 8. febrúar.

Þau **Hafdís, Heiðís Anna, Benedikt og Aron** komu, sáu og sigruðu.

Áslandsskóli hlaut **70 stig**, 12 stigum meira en Hvaleyrarskóli sem varð annar.

Alls tóku þrettán grunnskólar úr Hafnarfirði, Reykjanesi og Garðabæ þátt í þessum riðli keppinnar og aðeins einn þeirra, Áslandsskóli, kemst í úrslitakeppnina í Laugardalshöll. Sú keppni verður milli 10 skóla sem komist hafa áfram úr undanriðlum og verður haldin 17. eða 24. apríl.

Fjöldi nemenda skólans nýtti sér fríar rútuferðir frá skólanum og á lof skilið fyrir dyggan stuðning. Þau stóðu sig frábærlega á þöllum og í rútuferðunum til og frá Smáranum.

Skólinn mun að sjálfsögðu standa fyrir fríum rútuferðum í Laugardalshöll í úrslitakeppnina þegar að þar að kemur.

Til hamingju krakkar - þið eruð frábær.

SAMVINNA

ÁBYRGÐ

TILLITSSEMI

TRAUST

Minnisblað vegna íþróttá- og sundtíma

Sund

1.-4. bekkur: Ef nemandi gleymir sundfötum skal umsjónarkennari athuga hvort mögulegt sé að hann geti dvalið á bókasafni yfir sundtímann. Umsjónarkennari lætur síðan skrifstofu vita að nemandi er ekki með sundföt og starfsmaður skráir í Mentor.

5.-7. bekkur: Ef nemandi gleymir sundfötum, fær nemandi fjarvist. Nemandi bíður við skrifstofu skólans meðan á sundtíma stendur. Umsjónarkennari lætur síðan skrifstofu vita að nemandi er ekki með sundföt og starfsmaður skráir í Mentor.

8.-10. bekkur: Ef nemandi gleymir sundfötum, fær nemandi fjarvist. Umsjónarkennari lætur síðan skrifstofu vita að nemandi er ekki með sundföt og starfsmaður skráir í Mentor.

1.-4. bekkur: Ef nemandi missir af skólabíl í sund skal hann bíða framan við skrifstofu. Umsjónarkennari lætur síðan skrifstofu vita og starfsmaður skráir í Mentor.

5.-10. bekkur: Ef nemandi missir af skólabíl í sund skal hann koma sér sjálfur í sundtímann. Sundkennarinn skráir seinkomuna.

Ef nemandi kemur með miða, þ.e. forráðamaður sækir um leyfi í sundtíma skal umsjónarkennari athuga hvort mögulegt sé að hann geti dvalið á bókasafni yfir sundtímann. Umsjónarkennari lætur skrifstofu vita vegna skráningar í Mentor.

Íþróttir

1.-10. bekkur: Ef nemandi gleymir íþróttafötum skal hann fara með skólabíl í íþróttatíma og horfa á. Íþróttakennari skráir að íþróttaföt vantar.

7.-10. bekkur: Ef þetta gerist ítrekað færir íþróttakennari fjarvist á nemandann.

1.-4. bekkur: Ef nemandi missir af skólabíl í íþróttir skal hann bíða framan við skrifstofu. Umsjónarkennari lætur síðan skrifstofu vita og starfsmaður skráir í Mentor.

5.-10. bekkur: Ef nemandi missir af skólabíl í íþróttir skal hann koma sér sjálfur í íþróttir. Íþróttakennari skráir seinkomuna.

Ef nemandi kemur með miða, þ.e. forráðamaður sækir um leyfi í íþróttatíma skal nemandi fara með skólabíl og horfa á íþróttatíma.

Hleypt úr skólabíl í neðra hverfi

Nemendum í 1.—4. bekk er ekki hleypt úr skólabíl í neðra hverfi á leið heim úr íþróttum eða sundi.

Nemendum í 5.-10. bekk er hleypt úr skólabíl í neðra hverfi á leið heim úr íþróttum og sundi að því gefnu að forráðamaður sé búinn að upplýsa umsjónarkennara um að heimild sé fyrir slíku.

Sameiginleg morgunstund

Sameiginleg morgunstund er í Áslandsskóla mánudaginn 19. febrúar.

Dagskrá verður með hefðbundnum hætti.

Kveikt verður á kertunum, atriði frá öllum deildum, veitt verður viðurkenning fyrir háttvísasta bekk skólans fyrir síðasta tímabil en sá heimur fær bláa fuglinn, bikar og viðurkenningarskjal fyrir góða frammistöðu.

Loks fara nemendur með skólaheiti og syngja skólasönginn.

Könnun um líðan

Síðari könnun um líðan verður lögð fyrir í Áslandsskóla síðari hluta febrúarmánaðar.

Könnun um líðan er mikilvæg öllu skólasamfélaginu í skólanum okkar. Með henni fáum við góðar upplýsingar um skólastarfið og líðan nemenda almennt.

Mikilvægt er að forráðamenn, sérstaklega eldri nemenda, brýni fyrir börnum sínum að taka könnun sem þessa alvarlega.

Hún hjálpar okkur starfsfólki að fylgjast með líðan og bregðast við ef eitthvað óásættanlegt er í gangi í skólanum.

Öskudagur

Vegna eindreginna óska foreldraráða og foreldrafélaga í grunnskólum Hafnarfjarðar verður sveigjanlegt skólastarf í öllum skólunum **frá kl 8:10 til 11:00 á öskudaginn miðvikudaginn 21. febrúar** og nemendum ekki gefið leyfi til að fara í bæinn fyrir þann tíma.

Hér í Áslandsskóla verður dagskrá með ýmsum hætti.

Yngri deild: Nemendur mæta í búningum. Dagskrá á sal skólans.

Miðdeild: Nemendur og starfsfólk mæti í búningum/náttfötum

Árgöngum blandað. Nemendur fara á 4 stöðvar og eru á hverri stöð í 35 mín.

Unglingadeild: Náttfatadagur /furðuföt. Spiladagur: Kani, Pakk, Borðspil, Kínverskt spil, Kleppari.

Engin **mataráskrift** er þennan dag.

Heilsdagsskóli er opinn eftir kl 11:00, ganga þarf frá skráningu í síðasta lagi mánudaginn 19. febrúar á skrifstofu skólans.

Heyrst hefur að **sameiginlegt öskudagsball** fyrir grunnskólana verði haldið eftir hádegi í Íþróttahúsinu við Strandgötu en það verður væntanlega auglýst síðar.

SAMRÆMD PRÓF

Menntamálaráðuneytið hefur sent frá sér leiðréttingu á dagsetningum samræmdra prófa fyrir næsta skólaár, þ.e. skólaárið 2007-2008.

Í fyrstu drögum var gert ráð fyrir að prófunum lyki á föstudegi en því hefur nú verið breytt og lýkur þeim nú á fimmtudeginum.

Hefð hefur verið á því undanfarin ár að samræmdu prófunum í 10. bekk ljúki ekki á föstudegi en slíkt auðveldar skólum að blása til ferðalaga með nemendum í lok prófa.

GRUNNSKÓLAHÁTÍÐ

Vegna grunnskólahátíðar, mæta nemendur í unglingsdeild í skólann föstudaginn 16. febrúar kl. 10:30. Skólaakstur frá Völlum kl. 10:05.

SKÓLABÚÐIR

Nú styttest í umgennabúðir nemenda í 9. bekk að **Laugum í Sælingsdal**.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.umfi.is/laugar

Þá hefur verið ákveðið að bjóða nemendum í 8. bekk upp á ferð í skólabúðir við **Úlfljótuvatn**.

Nánari upplýsingar má finna á www.skatar.is/ulfljotsvatn.

HEIMSÓKN Á HRAFNISTU

Í tengslum við Stóru-upplestrarkeppnina heimsækja nemendur í 7. bekk ýmsa aðila.

Nú á dögnum var haldið á Hrafnistu þar sem nemendur fóru með ljóð, lásu sögur, léku á hljóðfæri og sungu með og fyrir vistmenn.

Heimsóknin tókst frábærlega og var öllum sem að henni komu til fyrirmyndar.

Á næstunni heimsækja nemendur einnig leikskólana Tjarnarás og Stekkjarás, þar sem lesið verður fyrir nemendum skólanna.

Tilgangurinn er þjálfun í framkomu, framsetningu og flutningi texta.

SKÓLADAGATAL 07-08

Vinna við skóladagatal Áslandsskóla fyrir skólaárið 2007-2008 er nú í fullum gangi.

Stefnt er að skólasetningu miðvikudaginn 22. ágúst og skólaslitum miðvikudaginn 4. júní.

Mælst er til þess að forráðamenn virði þessar dagsetningar og fari með börnum sínum í leyfi utan hefðbundins kennslutíma.



Kríúási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað
Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri